

Tillaga til ályktunar - eldri flokkur karla(30+)-

Tillagan er sú að sumarið 2009 verði spilað í eldri flokki sem hér segir:

- ✓ Leikið í 11 manna liðum
- ✓ Spilað í tveimur riðlum, 3 – 5 leikir á lið, (miðað við 8 – 10 þátttökulið, ef fleiri lið þá fleiri riðlar)
- ✓ Riðlakeppni fer fram í maí/júní (fáir leikmenn farnir í sumarfrí)
- ✓ Tvö efstu lið riðlanna komast í úrslit
- ✓ Krossspil spilað í byrjun september (flestir leikmenn komnir úr sumarfrí):
 - Efsta liðið í A – riðli á heimaleik gegn liði nr. 2 í B – riðli.
 - Efsta liðið í B – riðli á heimaleik gegn liði nr. 2 í A – riðli.
- ✓ Sigurvegarar í krossspili spila úrslitaleik um Íslandsmeistararitilinn á hlutlausum velli.

Greinargerð:

Með þessu fyrirkomulagi eru færri leikir á lið. Þegar leikjum fækkar verður væntanlega auðveldara að manna lið. Hver leikur verður mikilvægari og úrslitakeppni er gulrót í lok sumars þar sem væntanlega verður mjög auðvelt að manna liðin. Keppni “gömlu snillinganna” þarf að hefja til meiri virðingar sem fæst með samstilltu átaki félaganna og KSÍ.

Undangengin ár hefur keppni í eldri flokki karla verið í mjög lausu lofti. Á hverju sumri er mikið um frestanir, félög eru að gefa leikina ásamt því að mörg félög tefla fram ófélagsbundnum leikmönnum til þess að manna lið sitt.

S.l. sumar var gerð breyting á keppnisfyrirkomulagi þar sem farið var í keppni í 7 manna bolta í stað 11 manna bolta. Breyting þessi var m.a. gerð í þeirri von að auðveldara væri að ná að manna lið og þar með að fækka frestunum leikja. Reynsla síðasta sumars var því miður alls ekki á þann veginn. Frestun leikja og það að lið gáfu leikina breyttist ekkert, ef eitthvað var þá versnaði ástandið. Rætt var við nokkra leikmenn félaganna í lok s.l. keppnistímabils og kom öllum saman um að enn erfiðara væri að manna í lið þar sem margir leikmenn hefðu engan áhuga á að spila 7 manna bolta, það væri einfaldlega leiðinlegt. Leikmenn á “besta skeiði” vilja fá að spila “alvöru” fótbolta.

S.l. ár hafa um 10 – 12 félög verið skráð til leiks í upphafi móts en síðan hefur liðum fækkað þegar liðið hefur á mótið.